

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2019 í máli nr. S-375/2019:

Ákærvaldið

(Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Guðbjarti Hólmi Ólafssyni

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 30. apríl 2019, á hendur Guðbjarti Hólmi Ólafssyni, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, fyrir gripdeildir á árinu 2017 með því að hafa:

1. Miðvikudaginn 21. júní, við bensínstöð Olís á Akureyri, dælt eldsneyti að andvirði 14.730 krónur á bifreiðina [...] og ekið henni á brott án þess að greiða fyrir eldsneytið.
2. Föstudaginn 4. ágúst, við bensínstöð Olís við Gullinbrú, Reykjavík, dælt eldsneyti að andvirði 11.969 krónur á bifreiðina [...] og ekið henni á brott án þess að greiða fyrir eldsneytið.
3. 3. Sunnudaginn 13. ágúst, við bensínstöð Olís við Langatanga, Mosfellsbæ, dælt eldsneyti að andvirði 12.690 krónur á bifreiðina [...] og ekið henni á brott án þess að greiða fyrir eldsneytið.
4. 4. Föstudaginn 8. september, við bensínstöð Olís við Ánanaust, Reykjavík, dælt eldsneyti að andvirði 7.083 krónur á bifreiðina [...] og ekið henni á brott án þess að greiða fyrir eldsneytið.

Teljast brotin varða við 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði sótti ekki þing við þingfestingu málsins og hafði ekki boðað forföll en hafði verið birt ákæra og fyrirkall. Verður málið dæmt samkvæmt heimild í a-lið 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála enda var þess getið í fyrirkallinu að þannig gæti farið um meðferð málsins.

Með vísan til framanritaðs og til rannsóknargagna málsins telst framangreind háttsemi sönnuð og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í [...] og er í máli þessu sakfelldur fyrir gripdeild sbr. 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, nánar tiltekið fyrir að hafa alls fjögur skipti

tekið eldsneyti en ekið á brott án þess að greiða fyrir það. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dagsettu 16. apríl 2019, á hann sakaferil að baki sem þó hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar í málinu.

Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni þessa máls, sem og fjölda tilvika, sbr. efni ákæru, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.

Þórhildur Líndal, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Guðbjartur Hólm Ólafsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þórhildur Líndal